

Scissor Films
2607 Brighton ave Los Angeles
California

Reykjavík 5. júní 2018
UST201805-408/G.G.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvíkmynda- og ljósmyndatökuleyfi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Finnbona Vilhjálmssonar fyrir hönd Scissor Films dags. 31. maí 2018, vegna fyrirhugaðrar ljósmyndatöku innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, á ströndinni milli Arnarstapa og Hellna og á Búðum. Einnig er sótt um leyfi vegna töku við Kleifarvatn í Reykjanesfólkvangi.

Búðahraun er friðland sbr. auglýsing nr. 357/1979, ströndin við Stapa og Hellna er einnig friðland sbr. auglýsing nr. 284/1988 Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 520/1975 og þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðaður sbr. auglýsing nr. 568/2001. Í auglýsingunum kemur fram að óheimilt er að raska jarðminjum, skerða gróður eða trufla dýralíf. Í þjóðgarðinum er hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald óheimilt án leyfis.

Lýsing framkvæmdar:

Um 10 manns koma að verkefninu en taka á ljósmyndir og myndir með flygildum á viðkomandi stöðum. Í friðlandinu við Stapa og Hellna verður myndað á stígnum á milli staðanna og í þjóðgarðinum verður myndað á Djúpalónssandi. Flygildið mun fljúga í um 100 metra hæð og í um hálftíma á hverju svæði. Ekki er þörf á að fara út fyrir stíga eða takmarka umferð að öðru leyti en með vinsamlegum tilmælum ef ferðamenn lenda innan myndramma á meðan á tökum stendur. Myndataka á Snæfellsnesi fer fram 6. júní og við Kleifarvatn 8. júní 2018 þar sem myndataka fer fram við vesturhluta vatnsins.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að ekki sé hætta á að notkun á flygildi á ofangreindum svæðum hafi neikvæð áhrif á verndargildi þeirra. Gæta skal þess að fljúga ekki í nágrenni við aðra gesti eða trufla upplifun þeirra svo og að sýna fyllstu aðgát. Ekki skal fljúga yfir fuglabjörgum. Fjöldi ferðamanna heimsækir svæðin og er hentugasti tími til kvíkmyndatöku snemma að morgni og seinni hluta dags.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir ljósmyndatöku og tökum með flygildi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlegast hafið þetta bréf meðferðis þegar myndað er innan friðlýstra svæða.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.


- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Einungis skal gengið á merktum gönguleiðum.
- Lífríki, jarðminjum og landslagi skal ekki raskað.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólk og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfrækslu ómannaðra loftfara. Í sértaekum reglum um flugvélalíkön (sem ná einnig til ómannaðra loftfara og finna má í Flugmálahandbók (AIP) Íslands, ENR 1.1.10) kemur m.a. fram að einstaklingur eða fyrirtæki sem óskar eftir að starfrækja ómannað loftfar skal sækja um leyfi til slíkrar starfrækslu til Samgöngustofu ef loftfarið er yfir 5 kg að heildarþyngd eða knúið áfram af eldflaugum og sé ætlunin að fljúga loftfarinu hærra en 120 m. Enn fremur þarf leyfi rekstraraðila flugvallar til að fljúga fjarstýrðu loftfari innan við 2 km frá svæðamörkum áætlunarflugvalla, að því undanskildu ef fjarstýrðu loftfari/dróna er flogið undir hæð hæstu mannvirkja í næsta nágrenni við flugferil drónans.

Um skaðabótaábyrgð vegna notkunar ómannaðra loftfara fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1998, um loftferðir.

Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir leyfi til kvíkmyndagerðar og/eða myndatöku á friðlýstum svæðum er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. Gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst,


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri
Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður